

Ed.

61. Frumvarp til laga

[45. mál]

um breyting á lögum nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð.

Flm.: Vilhjalmur Hjálmarsson, Karl Kristjánsson, Bernharð Stefánsson.

1. gr.

3. tölul. 2. gr. laganna orðist svo:

Framlag úr ríkissjóði, ein milljón króna á ári, næstu 10 árin frá gildistöku þessara laga.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Fiskimálasjóður má veita viðbótarlán gegn síðari veðrétti til stofnunar alls konar fyrirtækja, er horfa til eflingar fiskveiðum og hagnýtingar sjávarafurða, og séu lán þessi einkum veitt til þeirra staða, þar sem er tilfinnanleg vöntun slíkra fyrirtækja, en lítið fjármagn fyrir hendi. Hvert þessara lána má ekki fara fram úr 25% af stofnkostnaði fyrirtækisins. Þó mega lán til þeirra fyrirtækja, er ekki hafa fengið hámarkslán í stofnlánadeild sjávarútvegsins eða Fiskveiðasjóði Íslands, nema allt að 50% af stofnkostnaði. Lán fiskimálasjóðs að viðbættum lánum með fyrri veðrétti mega þó aldrei nema meiru en 85% af stofnkostnaði. Engin lánveiting má vera hærri en 350 þús. kr. Vextir af lánum skulu vera 2½% á ári, en lánskjör að öðru leyti þau sömu og hjá Fiskveiðasjóði Íslands.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með löggjöfinni um fiskimálasjóð var m. a. leitast við að mæla að nokkru lánsfjárförf þeirra atvinnufyrirtækja við sjávarsíðuna, er minnstu fjármagni ráða og sízt geta komið fótum undir rekstur sinn með lánum Fiskveiðasjóðs Íslands og stofnlánadeildar sjávarútvegsins einum saman.

Samkvæmt gildandi fyrirmælum mega þessar stofnanir eigi lána nema ákveðinn hundraðshluta stofnkostnaðar hvers fyrirtækis. Það er hins vegar vitað, að víða er svo málum komið, að brýn nauðsyn er frekari stofnlána með bærilegum kjörum. Þessi þörf verður enn meiri þar, sem svo hagar til, sem eigi mun fátítt, að ekki hafa fengizt þau lán, er reglur stofnlánadeildar og fiskveiðasjóðs þó heimila þeim stofnunum að veita.

Vitað er, að nýbyggingarráð gaf á sínum tíma ýmsum fyrirtækjum vilyrði fyrir miklum mun meiri stofnlánum en þau síðan fengu. Þetta mælir sterklega með því, að ríkisvaldið geri hér nokkrar ráðstafanir til fyrirgreiðslu.

Fiskimálasjóður hefur til þessa verið í hinni mestu fjárþröng, enda hefur hvorki 3. tölul. 2. gr. laganna, um allt að 1 millj. kr. árlegt framlag úr ríkissjóði, komið til framkvæmda né heldur verið notuð heimild síðasta málsl. sömu greinar um lánstöku.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja, að svo búið megi ekki standa. Leggja þeir til, að ákveðið verði í lögnum árlegt framlag til fiskimálasjóðs úr ríkissjóði í 10 ár, er nemi 1 millj. kr. á ári. Jafnframt er lagt til, að rýmkuð verði ákvæði laganna um hámark lánsfjár, miðað við hundraðshluta stofnkostnaðar, þegar viðkomandi fyrirtæki hafa eigi fengið hámarkslán í stofnlánadeild og fiskveiðasjóði. Lagt er til, að hámark einstakra lánveitinga hækki verulega. Loks eru svo ákvæði um lækkun vaxta í 2½%.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum yrði, væri nokkurt spor stigið í þá átt að beina auknu fjármagni til bátaútvegsins, en þess væri vissulega full þörf.

Jafnframt vænta flutningsmenn þess, að lántökuheimild 2. gr. laganna verði notuð.